

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1973.

1. Veðurfar ársins.

Páll Guttormsson skrifar eftirfarandi tíðarfarsyfirlit um árið 1973:

Janúar var óvenjuheitur. Fágæt veðurbliða var frá 4.-11., er var framhald af góðviðri síðari hluta desember 1972. Frost fór úr grónu landi og var aðeins eftir 5 cm þykk frostsþán í græðireitnum. 3.-12. jan. var meðalhitastig 7,4 stig.

Jurtir og tré byrjuðu að springa út svo sem heggur, *L. coerulea*, *C. acutifolia*, valmúi o. fl. fjölarar jurtir í gördum. Loðviðir byrjaði að opna blómhlífar, heimulunjóli og svo varpasveifgras kom með löng strá í góðu skjóli.

Eftir að áttin fór að verða meira suðlæg og suðaustlæg ~~xx~~ 12.-20. jan. byrjaði rigningatið. Aðeins einu sinni áður (5. nóv. 1968) hefir mælst meira úrfelli á sólarhring en 20. jan., er það náði 67,6 mm. Mjög milt tíðarfar hélst til 7. febr., en hinn 8. færðist vindátt til norðurs og var eftir það framhald á kaldri tíð í mánuðinum. Kom þá 45 cm frost í ógróna jörð, en 10 cm í skóginum. Þá var snjósdýptin mest 22 cm.

Í fyrstu viku mars fór hitastigið hækkandi og var um meðallag til hins 7. En frá 8.-22. var það 5,6 stig. Voru vormerki á gróðri að verða mjög áberandi, er kom fram um 20. mars. Það byrjuðu að þrútna brum á ungu lerki í skóginum 16. mars, ~~xxx~~ Alaskaösp að sprengja brumhlífar 20. mars og þingviðir hinn 19. Og 20. mars byrjaði viðja að opna blómhlífar. En vetrarblóm byrjaði að blómgastr ~~xxxxxx~~ 22. mars. Hinn 23. snöggkólnaði, er hitinn var 0,3 stig um daginn, en komið 8 stiga frost um kvöldið.

Meðalhitastig 23.-31. mars var +3,5 stig, en 1.-2. apríl +8,5 stig. Í 3 sólarhringa, 4.-6. apríl, var snjócoma og slydda, alls 50 mm. Hinn 12. apríl kom hæg hláka. Meðalhitastig 12.23. var 7 stig. Síðari hluta hlýindakaflans voru byrjaðar að koma dálitlar gróðurnálar í útjörð og klaki mjög víða farinn úr jörðu. Hinn 24. apríl skipti um átt og var norðan- og norðaustanátt með frosti eftir það í mánuðinum. Og síðustu dagana dálítill snjócoma.

Flestarnætur maímánaðar var frost á nóttunni og bara 7 nætur var frostlaust við jörð. Blómguðust því vorblóm með síðasta móti og laufgun trjáa miðaði mjög hægt áfram. Það var mjög sólríkt í maí, sérstaklega 21.-28, svo að tún urðu algræn 1. júní.

4.-8. júní blómguðust mörg vorblóm, en þá 5 daga var meðalhitastig 9,7 stig.

Aðfaranótt 9. júní færðist vindur til norðvesturs. Voru næstu 7 dagar köldustu dagar, er komið hafa í júní síðan veðurathuganir byrjuðu. Meðalhitastigið var þá 3,2 stig.

Uppúr miðjum júní hlýnaði og kom góð væta (um 8 mm) 14.-21. Fór þá gróðurinn að aukast aftur. Þótt óvenjumikið vatn væri í ~~þörum~~ jarðvegnum fyrrihluta vors, var það farið að minnka vegna mikilla þurrka í maí og júní, en útjörð varð þó algræn 7. júní.

Viku af júlí hækkaði hitastigið sérstaklega á nóttunni mjög mikið og héldust hlýindin allan júlímánuð.

Með hækkandi hitastigi frá og með 25. júlí var vöxtur margra trjáa víða í skóginum mjög hraður. Var það einnig mikið að þakka hinum háa hita á nóttunni. Og var framhald á háu hitastigi til 17. ágúst (að undanteknum þeim 5 dögum, er mikla rigningin var 35 mm). Var hagstæð sumartíð þangað til.

Hinn 16. ágúst var þokuloft og rigning af norðaustri, en fór að blása á norðan með stinningskalda aðfaranótt 17. Fór veðurhæð vaxandi, er leið að hádegi og náði hámarki milli kl. 15 og 17 síðdegis. Í veðrinu slitnuðu greinar af trjám og léttir, lausir hlutir fluttust úr stað. Að afloknu veðrinu var hægt að greina litarbreytingu á laufi á sumum stöðum í laufskógi og nálum lerkisins. En lauf og nálar virtust jafna sig að

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1973.

Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskinsstundir	
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi
Janúar	3,0	+4,3	186,2	+82,3	-	-
Febrúar	-3,8	-2,6	44,8	-24,8	35,3	+3,0
Mars	2,6	+2,0	82,5	+33,9	91,2	+5,7
Apríl	1,5	0,0	57,2	+16,8	129,1	-3,1
Maí	4,3	-1,1	13,6	-12,2	213,5	+37,0
Júní	7,6	-1,4	15,3	-14,8	150,1	-30,0
Júlí	11,0	+0,3	20,6	-20,7	291,9	+117,6
Ágúst	9,5	-0,3	92,5	+53,5	161,1	+30,1
September	8,3	+1,1	41,4	-10,4	107,2	+14,6
Október	3,8	-0,4	34,3	-30,2	62,8	+12,1
Nóvember	-4,7	-5,7	38,4	-40,6	11,8	+6,0
Desember	-5,4	-4,6	92,1	+0,8	-	-
Árið	3,1	-0,7	718,9	+33,6	1.254,0	+193,0
Júní- sept.	9,1	-0,1	-	-	-	-

mjög miklu leyti í hinu hlýja, kyrra veðri, er í hönd fór síðari hluta mánaðarins.

Í september var meðalhitinn 0,5 stigi yfir meðallagi. Héldust hlý-
indi ásamt fallegu sumarveðri lengst af mánuðinum. Reynifræ náði fullum
þroska 17. sept. Var tíðarfarið í mánuðinum mjög hagstætt fyrir tré að
ljúka vexti og þroska sprota. Kartöflugras stóð óskemmt til mánaðarloka.
Bláber byrjuðu að ná fullum þroska 22. ágúst, en hrútaber 28. ágúst.
En af krækiberjum var ekkert í haust. Munu blómin hafa skemmst í júní-
frostinu.

Hin góða haustið hélst hálfra viku af október. Voru 3 fyrstu
dagarnir einhverjir hinir allra heitustu, er komið hafa hér um þetta
leyti árs. Var jafnaðarhiti þeirra 14,0 stig. Nokkrar tegundir blóm-
plantna voru að mynda blóm þessa heitu daga, t.d. fíflar og sóleyjar.
Hinn 3. okt. kom mikill vöxtur í Jökulsá í Fljótssdal.

Lauftré héldu lafinu með lengsta móti á þessu hausti. Birkið felldi
blöðin 8. okt., viðja 12., Alaskaösp 18., lerki 23. okt.

Nóvember var hinn kaldasti síðan mælingar byrjuðu. Fyrrihluta dags
29. nóv. fór yfirborð Lagarfljóts niður í frostmark.

Desember var hinn kaldasti síðan mælingar byrjuðu, en var þó með
um 2 stigum hærri hita en nóvember í hlutfalli við meðallag þeirra
mánaða. Í tveimur síðustu mánuðum ársins, nóvember og desember, gekk
með mjög stuttum aðdraganda í byl. T.d. 5. des., er breyting varð úr
logni í 7 vindstig á einum stundarfjórðungi.

Í lok ársins var þykkt klaka í skóginum 10 cm, en í græðireitnum
40 cm.

Að frost kom ekki í jörð meira en raun varð á í nóv. og des. er því
að þakka, að snjór var á jörð, er frostið var mest. Var hann dýpstur í
nóv. 30 cm, en í des. 63 cm.

Mesta frost ársins varð 21. des. 19,5 stig, en hæsta hitastig ~~XXXX~~
~~XXXXXX~~ 26. júlí 21,0 stig. Alls náðu 8 dagar 20 stiga hámarks-
hita á sumrinu og haustinu: 4 í júlí, 2 í sept og 2. okt. varð hitinn
20,0 stig.

Tafla II. Hitastig undir frostmarki við jörð 20. maí - 28. sept.

Mánuður	Dagur	Í mælaskýli	Við jörð
Maí	20.	-5,8	-8,5
"	21.	-2,6	-5,6
"	22.	-2,6	-5,5
"	23.	0,5	-1,1
"	24.	-2,2	-6,0
"	27.	0,2	-2,6
"	28.	3,2	-0,5
"	31.	2,0	-0,8
Júní	2.	-1,7	-4,6
"	4.	0,8	-3,5
"	10.	-4,0	-6,9
"	11.	-1,2	-2,6
"	13.	0,0	-0,2
"	15.	0,5	-2,7
Júlí	20.	1,4	-0,2
"	21.	-0,1	-2,0
"	24.	2,0	-0,6
Agúst	2.	3,1	-0,5
"	9.	2,4	-1,0
"	20.	0,4	-1,0
"	22.	-0,2	-1,7
"	23.	0,1	-1,0
September	9.	-1,4	-2,6
"	21.	1,2	-1,0
"	22.	-0,3	-2,0
"	23.	-0,1	-2,2
"	26.	0,2	-2,0
"	27.	0,0	-2,0
"	28.	-1,7	-3,0

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

a. Laufgun og lauffall.

Birkiskógurinn var allaufgaður 16. júní, en 5. júní var hann tekinn að grænka.

Hinn 22. sept. var birkið farið að gulna talsvert, en lauf var ekki fallið fyrr en 8. okt. Sat lauf óvenjulengi vegna blíðvirðisinn í sept. og viku af okt.

b. Vöxtur.

Vöxtur á greni og lerki var nú allgóður og betri en undanfarin ár, en heldur lakari á stafafuru, sem sjálfsagt stafar af því, hve seint hlýnaði, en stafafuran er alltaf fyrst á stað með vöxt af sígrænu barrtrjámum hér.

Birki óx í meðallagi.

Þroski á brumum, sprotum og barrnálum ætti að vera sérlega góður vegna hinnar eindæma góðu hausttíðar.

c. Fræfall.

Á barrtrjám var lítið fræ, nema auðvitað á broddfuru. Og á lindifuru voru nú talsvert margir könglar, en ekki er vitað um fræþroska.

Safnað var 10 kg af birkifræi, mest í Hrafnsgarði í Fellum, en 3,8 kg hér á Hallormsstað af völdum trjám.

Safnað var lúpínubelgjum í 55 grisjupoka, sem enn hanga í útihúsi.

á Innri-Kleif innti af hendi eins og tvö undanfarin ár. Vinna hans er ekki innifalin í sundurliðun vinnulauna, heldur færð sem verktakavinna. Nam allur sá kostnaður kr. 50 þús., dráttarvél og bíll innifalið.

b. Ásagirðing.

Minna var unnið í Ásagirðingunni en ætlað var, m.a. vegna komu Norðmanna hingað í ágúst.

Vinnan hófst 22. ágúst og stóð til 14. sept.

Voru settir niður 25 hornstaurar á leiðina frá Sellæk að Grafningsá. Er nú allt tilbúið fyrir staurun og strengingu á þessum kafla. Ennfremur var lokið við að negla stytur á girðinguna inn að Sellæk. Vantar þar nú aðeins undirhleðslu á kafla.

Við nánari athugun haustið 1972 ákváðum við að breyta girðingarstæðinu þannig að girða innfyrir Grafningsá í stað þess að fara niður með henni. Eg hefi ekki mælt, hve langur kafla það er, en hann er ekki verulega lengri en niður með ánni, en hins vegar fáum við þar inn í girðingu mjög skemmtilegt viðbótarland.

5. Skógarhögg.

70 tonn féllu af viði á árinu, sem ekið var úr skógi. Af þessu voru um 15 tonn lerki.

Að þessu sinni var lítill mannaflí í skógarhögginu, lengst af aðeins 3 menn. Það hófst seint, eða 12. mars og stóð að miklu leyti út þann mánuð, en tafðist svo fyrri hluta apríl vegna veðurs og vondrar færðar. Hófst aftur 12. apríl og stóð að nokkru leyti til 16. maí. Síðan var tekið til aftur um vikutíma í ágúst við að grisja fyrir Norðmannaplöntun.

Annars var tíðarfarið yfirleitt mjög hagstætt til höggs, en strax uppúr miðjum mars urðu skógarstígar ófærir vegna bleytu og var því engu hægt að keyra heim fyrr en komið var fram á sumar.

Kurlun á viði hófst ekki að ráði fyrr en 30. júlí og stóð með nokkrum hvíldum til 24. ágúst, en ydding, birking og ósun staura var tekin nokkuð jöfnum höndum. Kurlunin var einnig í ár látin í ákvæðisvinnu og gafst það fyrirkomulag vel að því leyti, að verkið vannst á miklu styttri tíma en ella.

Þessi svæði voru höggvin og grisjuð:

- a. Hluti af Mörkinni, m.a. nokkuð af gamla lerkinu frá 1922.
- b. Hluti af Stórhól ofan af lerki- og greniplöntun (Guttormslundarlerki, sem plantað var 1961).
- c. Hluti af þéttasta birkiskóginum yfir greni í Framhólum.
- d. Lerkið frá 1954 á Kerlingarmel.
- e. Dálítil grisjun í Guttormslundi, einkum tré, sem voru hálfdaud af völdum Dúgglasátunnar.
- f. Hluti af svæðinu í Krókuminnan við gömlu fjárréttina var grisjað fyrir Norðmannaplöntun. Var það í beinu framhaldi af Norðmannaplöntuninni 1970.

Á þessu ári var seldur nær allur sá kurlaði viður bæði arin- og reykingaviður, sem hlaðið var upp 1971 og 1972. Var hann ákaflega vel þurr og enginn fúi fannst í honum. Vorum við spenntir að sjá, hvernig þetta gengi með reykingaviðinn, sem kurlaður var í 50 cm lengdir. Er þetta í fyrsta sinn, sem við höfum getað boðið forsvaranlegan reykingavið, sem á helst að vera orðinn 2 ára gamall. Voru kaupendur ákaflega ánægðir með hann.

Nú eru alls engar birgðir til af kurlaðum viði og hinar langminnstu um nokkur ár af löngum staurum, svo sem tafla V sýnir.

Skv. verði, sem var á staurum sl. ár, er verðmæti birgðanna nú kr. 212.347. Af því er meira en helmingur stytur, eða 124.000 kr.

Þar eð sala á girðingarstaurum fer mest fram í maí og júní og er nær eingöngu orðin á birktum og yddum staurum, er fyrirsjáanlegt, að litlar tekjur verða 1974 af sölu staura.

Jólatré.

Högg og afgreiðsla jólatrjáa fór fram dagan 3.-22. des. Aðstæður allar voru eins óhagstæðar og hugsast getur, einkum eftir 10. des. Bæði var snjór mikill og hörkufrost, svo að trén voru eins og brothætt gler í höndum okkar.

Fyrirfram var ákveðið að senda Landgræðslusjóði engin jólatré að þessu sinni og verður sennilega ekki hægt heldur 1974, nema kannski eitthvað af broddgreni.

Hins vegar tókst ~~XXXXXXXXXX~~ ekki að afgreiða eins mikið og árið áður til kaupenda á Austurlandi. Öllu því hinar erfiðu aðstæður. Við þurftum að kafa snjó frá hné og upp í klof, ganga á skíðum um teigana og moka frá hverju tré. Erfiðast af öllu var þó að koma trjánnum úr teigunum að vegi, enda alveg tækjalausir til þeirra hluta.

Þótt okkur þyki ekki gott, er óhjákvæmilegt að byrja höggið a.m.k. hálfum mánuði fyrr en verið hefir.

Hins vegar leggja kaupendur ákaflega mikið upp úr því að fá trén sem ferskust og miða þá við þann samanburð, sem margir þeirra hafa fengið af dönsku trjánnum og okkar trjám, að því er varðar nálafall. Er það einróma dómur allra hér, að íslensku trén séu að þessu leyti langtum betri. *Því mörg tré.*

Sala.

Nettósalala á eldiviði og staurum nam að þessu sinni 555.625 kr. og var ekkert af því í eigin skóglendi. Er þetta heldur lægri upphæð en 1972. Kostnaður við eldivið og staura varð 611.327 kr. og er skógarhögg þar innifalið.

Nettósalala á jólatrjám nam 278.412 kr.

Alls 834.037 kr. nettósalala skóglendis, eða 183 þús. kr. lægri en 1972.

6. Gróðrarstöð.

a. Fræplöntur.

Birgðir fræplantna eru nú:

1/0 plöntur 441.000.

2/0 " 240.000.

1/0 plönturnar líta yfirleitt vel út og ánægjulegast er, að lerkið úr 1.850 m hæð í Altaifjöllum náði einhverjum besta þroska, sem 1/0 lerki hefir náð hér.

Birkið í plasthúsinu kom nú miklu betur til en 1972, enda var loksins sett vökvunarkerfi í plasthúsið og gerði það aðstæður við hirðingu langtum betri en var áður.

Jarle Bergan tilraunastjóri á Ási sendi mér í fyrrahúast sýnishorn af birki frá 22 stöðum í Troms og Finnmörku. Var hluta af því sáð í 1 beð í plasthúsinu. Spíraði þetta ágætlega og er væntanlega efniviður í mjög merka samanburðartilraun.

b. Dreifplöntur.

Eins og við var að búast, var dreifsetningin hér nú með minnsta móti. Hún tókst annars ágætlega, nema hvað ~~XXXXXXXXXX~~ allmikil vanhöld urðu á 2/0 lerkinu frá Tumastöðum. Lýstu þau sér í því, að tiltekinn hluti lifnaði aldrei. Bendir það eindregið til mygluskemmda.

Dreifsetningin frá 1972 er í heild einhver hin best heppnaða um árabíl, nema broddfuran, sem fórst að 2/3. Í heild skila sér við talningu í haust 75%, en t.d. lerkið skilar sér 85%. Tel ég skýringuna vera hina miklu úrkomu í júní 1972. Ef sú tilgáta er rétt, vekur hún til umhugsunar.

Altailerkið er reyndar óvenjasmátt, en kvæmin ~~MoDo~~ MoDo og Lapinjärvi eru með því fallegasta, sem við höfum lengi haft.

Ánægjulegt er, að allar greniprufurnar af Hallormsstaðakvæmi hafa skilað sér mjög vel.

Tafla IV. Sala girðingarstaura á Hallormsstað 1973.

Stærð	Hálfb. og yddir	Albirtir og yddir	Fúavarðir og yddir	Alls
<u>Lerki:</u>	-	-		
B 2	-	-	467	467
B 3 gl.	88	-	20	108
B 4	-	-	296	296
<u>Birki:</u>				
B 2	-	30	1.425	1.455
B 3	50	203	495	748
B 4	-	587	175	763
Styttur	-	-	290	290
B 2 ób.	-	-	-	90
Alls	138	820	3.168	4.217

Tafla V. Viðarsala á Hallormsstað 1973.

Arinviður 771 poki	25.100	kg.
Efniviður til smíða, hálfurr	3.007	"
Eldiviður. kurlaður	3.000	"
Reykingaviður, kurlaður og þurr	19.150	"
Blómasúlur	100	"
Birkispénir 6 þokar	200	"
Alls	50.557	kg
	mmmmmmmmmm	

Tafla VI. Staurabirgðir í árslok 1973.

Stærð	Fúavarðir
<u>Lerki:</u>	
B 2	69
B 3	573
B 4	195
Styttur	808
<u>Birki:</u>	
B 2	152
B 3	37
B 4	369
Styttur	2.951
Alls	5.154

Tafla VII. Sala jólatrjáa og -greina á Hallormsstað 1973.

Trjá- tegund	Stærðarflokkar											Alls tré	Grein- ar kg
	0	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.		
Rauðgreni	18	29	148	119	136	31	21	7	4			513	-
Sitkagreni	-	-	3	3	1	-	1	1	2	3	8	22	-
Douglasgr.	-	-	-	-	2	1	-	2	3	1	-	9	-
Fjallap.	-	-	-	-	-	-	-	-	1	2	-	3	-
Sveigfura	-	-	-	-	2	-	-	-	-	-	-	2	-
Stafaúra	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	83
Alls	18	29	151	122	141	32	22	10	10	6	8	549	83

Tafla VIII. Sáning á Hallormsstað 1973.

Nr.	Tegund	Kvæmi	m ²	
810	Birki	Hallormsstaður	78,0	plh.
810	Birki	Hallormsstaður	81,0	
-	Norskt birki	22 kvæmi	22,0	plh.
825	Blágreni	Highwood Summit	58,0	
581	Hvítgreni	Moose Pass	20,0	
818	Hvítgreni	Kenai	45,0	
805	Rauðgreni	Hemnes	24,0	
858	Sitkagreni	Homer	48,0	
840	Bergfura	Haut Conflent	24,0	
852	Broddfura	Hallormsstaður	9,0	
816	Stafafura	Skagway	30,0	
864	Stafafura	Lael (ex Hollis) ...	9,0	
834	Rússalerki	Úral	21,0	
873	Rússalerki	MoDo	61,0	
833	Síberíulerki	Krasnojarsk	6,0	
875	Síberíulerki	Altai	78,0	
870	Fjallapöll	Mt. Shasta	6,0	
Alls	620,0	mmmmmm

c. Garðplöntur.

Afhentar voru nú 3 þús. færri garðplöntur úr stöðinni en 1972. Munaði þar mestu, að við áttum nú sáralitla viðju og hana lélega. Í staðinn fengum við 4 þús. viðjur frá Tumastöðum og seldum af þeim 3 þúsund. Voru því keyptar álíka margar garðplöntur og 1972.

Hins vegar seldum við nú miklu meira af dýrari plöntum. Munaði þar mest um stóra reyniviðinn (2-2,5 m), sem 500 fleiri af en árið á undan. Ennfremur varð mikil verðhækkun á sitkagreninu, sem við seljum alltaf mest af barrtrjáa.

Áhugi fólks fer vaxandi hér eystra á því að planta við hús og bæi.

Eins og árið áður höfðum við plöntumarkað í Neskaupstað og á Húsa- vík og keyrðum plöntum suður á Djúpavog.

Það var nýtt hér eystra á sl. vori, að nokkur sveitarfélög byrjuðu að kaupa talsvert af plöntum til gróðursetningar í opin svæði í þéttbýli. Vænti ég þess, að þetta sé aðeins byrjunin á myndarlegum opinberum gördum í þessum þorpum og bæjum.

Við vorum svo heppnir að losna nú við allan álminn, sem hér var til mikið af. Skruðgarðar Reykjavíkur keyptu megnið af honum.

Tafla IX. Dreifsetning skógarplantna á Hallormsstað 1973.

Nr.	Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi	
810	Birki	Hallormsstaður	1/0	30.800	
779	Sitkagreni	Cordova	2/0	9.400	Tumast.
721	Svartgreni	-	2/3	1.200	
670	Stafafura	Anaheim	2/0	8.800	Tumast,
780	Fjallapínur	Skagway	2/0	24.000	
588	Síberíulerki	Hakaskoja	2/0	14.700	
725	Síberíulerki	Lapinjärvi	2/0	8.700	
736	Síberíulerki	Altai	2/0	26.800	
736	Síberíulerki	Altai	2/0	7.800	Tumast.
762	Síberíulerki	Domsjöänget	2/0	22.300	
Alls				154.500	
				mmmmmmmmmmmmmmmmmm	

Tafla X. Afhentar skógarplöntur 1972. 1973

792	Birki	Hallormsstaður	2/0	6.400	
-	Birki	Hallormsstaður	1/2	17.230	
714	Blágreni	Park County	2/4	6.520	
346	Broddgreni	Sapinero	2/4	2.900	
581	Hvítgreni	Moose Pass	3/3	1.350	
699	Rauðgreni	Trysil	2/4	750	
700	Rauðgreni	Trysil	2/3	18.150	
582	Sitkabastarður ..	Lawing	2/3	8.200	
712	Sitkagreni	Homer	2/3	1.250	
-	XXXXXX SG.....	Fitz Creek	2/4	3.150	
-	Sitkagreni	Bird Creek	2/4	740	
-	Sitkagreni	Sheep Creek	2/4	1.240	
-	Sitkagreni	Robe Lake	2/4	1.660	
-	Sitkagreni	Kodiak Miller	2/4	130	
-	Sitkagreni	Afognak Lake	2/4	230	
-	Sitkagreni	Homer Hills	2/4	500	
721	Svartgreni	-	2/3	2.050	
655	Bergfura	Mt. Louis	2/4	45	
-	Broddfura	Hallormsstaður	2/3	590	
650	Stafafura	Skagway	2/3	23.645	
688	Stafafura	Wedellsborg	2/3	700	
723	Síberíulerki	Altai	2/2	43.290	
736	Síberíulerki	Altai	2/2	14.850	
737	Síberíulerki	MoDo	2/2	375	
732	Síberíulerki	Svíþjóð	2/2	1.030	
Alls				156.975	
				mmmmmmmmmmmmmmmmmm	

Tafla XI. Skógarplöntur endurdreifsettar sem garðplöntur 1973.

Nr.	Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi
-	Birki	Hallormsstaður	1/2	485
346	Broddgreni	Sapinero	2/4	920
-	Sitkagreni	Fitz og Sheep Creek	2/4	1.475
721	Svartgreni	-	2/3	320
655	Bergfura	Mt. Louis	2/4	310
-	Broddfura	Hallormsstaður	2/4	1.880
-	Lindifura	Krasnojarsk	2/4	460
723	Síberíulerki	Altai	2/2	520

Í unnið land á Ormsstöðum:

-	Sitkagreni	Homer Hills	2/4	195
Alls				6.565
				mmmmmmmmmmmmmmmmmm

Tafla XII. Plantað í unnið land á Ormsstöðum sem gpl. og jólatré.

-	Álmur	Beiarn	-	540
-	Reynir	Hrafnkelsstaðir	-	60
-	Fjallapínur	Wanza Lake	4/3/4	166
-	Sitkagreni	Homer Hills	2/4	195
-	Brekkuvíðir	Sigurbjörn Björnsson	0/2	224
Alls				1.185
				mmmmmmmmmmmmmmmmmm

Skýring: Brekkuvíðirinn verður notaður sem móðurplöntur. Fjallapínurinn verður væntanlega notaður sem jólatré, þar eð Wanza Lake virðist vera mjög veikburða kvæmi. Sitkagrenið frá Homer Hills er hið sama og talið er í töflu XI. Það er reyndar ekki hugsað sem garðplöntur, heldur plantað með 3 m bili og er hugmyndin að ala þarna upp í svo gisinni plöntun öflugt torgjólatré. Álmurinn er af tveimur árgöngum, sem líklega var sáð 1963 og 1964.

Tafla XVI. Plantað í sýnisreit í Mörkinni 1973.

1. Rauðhlynur (<i>Acer glabrum</i>), Barkerville Rd.. 5/6	3	stk.
2. Glitvíðir, frá Baldri Þorsteinssyni	3	"
3. Silfurreynir (<i>Sorbus intermedia</i>), frá St. Árnasyni ..	11	"
4. Úlfareynir (<i>Sorbus horstii</i>), frá Tumastöðum	1	"
5. Gullber, frá Tumastöðum, (<i>Ribes aureum</i>)	1	"
6. Dísarrunni (<i>Syringa vulgaris</i>), sáð á Hallormsstað ...	3	"
7. Rifs, hvít hollensk, frá Tumastöðum	5	"
8. Rifs, rauð hollensk, frá Tumastöðum	5	"
9. Brekkuvíðir, frá Sigurbirni Björnssyni	13	"
10. Alaskavíðir, frá Stefáni Árnasyni, Akureyri	82	"
11. Sólber, Bangup, frá Tumastöðum	3	"
12. Sólber, Silvergieters Zwarte, frá Tumastöðum	5	"
13. Sólber, Booskop Kjempe, frá Tumastöðum	5	"
14. Gljámispill, sáð á Hallormsstað	2	"
15. Gullsópur, (<i>Cytisus purgans</i>), frá Tumastöðum	1	"
16. Snækvistur (<i>Spirea vanhouttei</i>), frá Tumastöðum	1	"
17. <i>Spirea bunsatila</i> , frá Tumastöðum	1	"
18. Japanskvistur (<i>Spirea nipponica</i>), frá Tumastöðum	1	"
19. Perlukvistur (<i>Spirea marguerita</i>), frá Tumastöðum	1	"
20. Skáldarós (<i>Rosa gallica splendens</i>), frá St. Árnasyni	1	"
21. <i>Rosa moyesii</i> (meyjarós), frá Stefáni Árnasyni)	1	"
22. Litli eldrunni, frá Tumastöðum	1	"
23. Roðaber (<i>Berberis</i>), frá Tumastöðum	1	"
24. Stikilsber, frá Tumastöðum	1	"
25. Snjóber (<i>Symphoricarpor albus</i>), frá Tumastöðum	1	"
26. Svartber (<i>Aronica malonicarpa</i>), frá Tumastöðum	1	"
27. Rifs, Rondon, úr Fossvogi	26	"
28. Sitkaöflur (<i>Alnus sinuata</i>), frá Tumastöðum	1	"
29. Berlínarösp, frá Tumastöðum	1	"
30. <i>Salix mesu-necu</i> , frá Stefáni Árnasyni	1	"
31. Dúntoppur (<i>Lonicera xylosteum</i>), sáð á Hallormsstað ..	4	"
32. Sandþyrnir, sáð á Hallormsstað	3	"
33. <i>Physiocarpus opulifolia</i> , sáð á Hallormsstað	3	"
Alls	192	stk.

mmmmmmmmmm

Tafla XVII. Plöntur til dreifsetningar vorið 1974.

Nr.	Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi	
810	Birki	Hallormsstaður	1/0	20.000	plh.
810	Birki	Hallormsstaður	2/0	10.000	plh.
824	Blágreni	Suður-Alberta	2/0	13.000	
805	Rauðgreni	Hemnes	2/0	13.000	
582	Sitkabastarður ..	Mosse Pass	2/0	14.000	
712	Sitkagreni	Homer	2/0	9.000	
797	Sitkagreni	Cordova	2/0	8.000	
798	Bergfura	Pýenneafjöll	2/0	13.000	
828	Fjallapínur	McKenzie Pass	2/0	2.000	
823	Rauðpínur	Mt. Shasta	2/0	800	
822	Rússalerki	MoDo	2/0	22.000	
736	Síberíulerki	Altai	2/0	64.000	
833	Síberíulerki	Krasnojarsk	2/0	20.000	
Alls				208.800	
				mmmmmmmmmmmmmmmmmm	

Tafla XVIII. Plöntur til garðplöntudreifsetningar vorið 1974.

750	Birki	Hallormsstaður	1/2	2.000	
714	Blágreni	Park County	2/4	1.500	< 14 cm
346	Broddgreni	Sapinero	2/4	400	< 14 cm
712	Sitkagreni	Homer	2/3	1.500	< 14 cm
721	Svartgreni	-	2/4	400	< 14 cm
689	Bergfura	Haut conflent	3/4	400	
733	Broddfura	Hallormsstaður	2/3	500	
685	Lindifura	-	3/3	500	
688	Stafafura	Wedellsborg	2/3	400	
716	Sveigfura	Gilpin County	2/3	700	
730	Fjallapínur	Alaska	2/3	500	
736	Síberíulerki	Altai	2/2	500	
Alls				9.300	
				mmmmmmmmmmmmmmmmmm	

Tafla XIX. Til plöntunar í unnið land á Hallormsstað 1974.

717	Blágreni	Park County	2/3	14.700	> 14 cm
714	Blágreni	Park County	2/4	10.500	> 14 cm
346	Broddgreni	Sapinero	2/4	1.900	> 14 cm
712	Sitkagreni	Homer	2/3	6.200	> 14 cm
685	Lindifura	-	3/3	1.000	> 14 cm
Alls				34.300	
				mmmmmmmmmmmmmmmmmm	

Tafla XX. Skógarplöntur til afhendingar 1974.

Nr.	Tegund	Kvæmi	Aldur	Fjöldi	
810	Birki	Hallormsstaður	1/0	10.000	plh.
810	Birki	Hallormsstaður	2/0	20.000	plh.
750	Birki	Hallormsstaður	1/2	8.500	
717	Blágreini	Park County	2/3	2.500	<14 cm
714	Blágreini	Park County	2/4	2.700	<14 cm
346	Broddgreini	Sapinero	2/4	400	<14 cm
700	Rauðgreini	Trysil	2/3	8.900	<15 cm
699	Rauðgreini	Trysil	2/3	6.700	
700	Rauðgreini	Trysil	3/3	7.900	
582	Sitkabastarður ..	Moose Pass	3/3	4.000	<15 cm
712	Sitkagreini	Homer	2/3	8.200	<14 cm
721	Svartgreini	-	2/4	2.600	<15 cm
688	Stafafura	Wedellsborg	2/3	6.400	
678	Stafafura	Smithers	2/2	3/1 3.500	G.Ø.A.
730	Fjallapínur	Alaska	2/3	7.600	
735	Rússalerki	Arkangelsk	2/2	13.400	
723	Síberíulerki	Altai	2/2	32.700	
736	Síberíulerki	Altai	2/2	27.000	
736	Síberíulerki	Altai	1/3	7.000	
736	Síberíulerki	Altai	2/3	17.000	
725	Síberíulerki	Lapinjärvi	2/2	10.900	
737	Síberíulerki	MoDo	2/2	10.200	

Alls 218.100
 mmmmmmmmmmmmmmmmmmmmm

Nýtt, lítið plastgróðurhús var sett upp hér í ágúst og notað fyrir sumargræðlinga, sem að þessu sinni var öllum stungið í plastbakka frá Bjargi á Akureyri. Við gerum okkur vonir um, að árangur verði góður af þessari bættu aðstöðu.

Kostnaður við garðplöntur jókst enn og fór tæplega 170 þús. kr. framúr áætlun.

Nú var gróðursett verulegt magn af plöntum til framhaldsræktunar á Ormsstöðum í aflögðum kartöflugarði, sbr. töflu XII. Allur sá kostnaður var færður á garðplöntur.

Þá var lagður grundvöllur að sémilega myndarlegum sýnisreit garðplantna efst í gömlu Mörkinni. Var mó mold ekið í þetta svæði, sem var orðið talsvert útpínt. Sbr. töflu XVI. Verður þar ~~KX~~ blandað sýnishorn af trjám, runnum og limerðum nokkurra tegunda. Verður nú nauðsynlegt að merkja sem flest af þessu með varanlegum merkjum. Liggur fyrir tilborð frá Oddgeiri Þ. Árnasyni á Akureyri um það.

Vert er að vekja athygli á því, að við eigum nú allmyndarlegan lager garðplantna, sem tekur alveg yfir 2 neðstu reitina í Mörkinni og einnig nokkurt svæði á Ormsstöðum. Er illgresishreinsun orðinn verulega umfangsmikil, en hún er innifalin í kostnaðinum við garðplöntur. Þetta er að langmestu leyti handaverk, þar eð lyf hafa aldrei verið notuð að ráði við hreinsun í garðplöntureitunum. Það kann hins vegar að verða óhjákvæmilegt að einhverju marki

Nettósala garðplantna varð að þessu sinni 1.023 þús. kr.. Þegar Tumastaðaviðjan er dregin frá, er eftir 939 þús. kr., sem er sala á okkar eigin plöntum, auk 24.500 kr., sem afgr. var til eigin nota. Heildarnettósalan er 499 þús. kr. hærri en 1972.

d. Afhending skógarplantna.

Eins og tafla X sýnir, voru afhentar hérumbil jafnmargar skpl. í

ár og 1972. Eru þá meðtaldar plöntur, sem sendar voru til Norðtungu og Tumastaða það haust.

Nettósalala skógarplantna nam 1.106.229 kr., þar af í eigin skóglendi kr. 412.800. Sala til annarra nam því 695.425 kr.

Verðmæti allra plantna, sem úr stöðinni fóru skv. afurðasöluskram (eigin skóglendi meðtalin), nam 2.070.995 kr., sem er aulning frá 1972 um 568.565 kr.

e. Annað.

Ekið var 20 vagnhlössum af skurðmold í garðplöntureiti, sem voru orðnir þreyttir, og notuð voru 6 vagnhlöss af sauðataði. Ekið var 10 bílhlössum af sandi til yfirbreiðslu á beð fyrir veturinn, en 3 bílhlöss eru til fyrir vorið á fræbeð.

Skv. töflu III er allur vinnukostnaður, færður á stöðina, kr. 1.721.235, en var áætlaður 1.290.000 kr. Fór hann því 431 þús. kr. fram úr áætlun.

Sala á almennum ~~markaði~~ markaði (tilfærslur ekki meðreiknaðar) var áætluð 500 þús. kr. (gpl. og skpl.), en varð 1.237 þús. kr. Fór hún þannig 737 þús. kr. fram úr áætlun, eða 306 þús. kr. meira en kostnaðurinn.

Ef athugaður er hins vegar vinnustundafjöldi í gróðrarstöðinni árin 1972 og 1973 og hann borinn saman við kostnað, verður útkoman þessi:

	1972	1973
Dagvinna	7.416	7.509
Eftirvinna	1.736	1.757
Naturv.	264	396

Alls 9.416 klst. = 1.407.136 kr. 9.662 klst. = 1.721.235 kr.

Mismunur: + 246 klst. = + 314.098 kr.

Fleiri vinnustundir = 3%

Fleiri krónur = 23%

7. Gróðursetning.

a. Yfirlit og áætlun.

Plöntun á Hallormsstað og Hafursá var áætluð 40.940 pl., en varð skv. töflu XXI 43.265 plöntur. Rauðgrenið reyndist miklu drýgra en ætlað var og ennfremur lerkið, en staffuran miklu ódrýgri, auk þess sem við fengum nú til reynslu rúmlega 5.000 lerki 2/0 af frysti á Tumastöðum.

Í Fljótsdal var plantað nákvæmlega eins og áætlað var.

b. Plöntunartími.

Plöntunin hófst á Atlavíkursvæðinu innan við Króklæk við Selveginn 31. maí. Var þar plantað stafafuru í hið versta land með miklu lyngi og mosa. Var það allt gert með haka. Til gamans voru fengnar 300 pl. af sama stafafurukvæmi, sem geymdar voru á frysti á Tumastöðum. Þetta var mjög seinlegt verk.

12.-16. júní var plantað bastarði og rauðgreni sem íbót í eyður í stafafuruplöntun í Mylluhvammi frá 1963.

18.-22. júní var plantað verulegu magni af rauðgreni sem jólatrésplöntun utan við Atlavíkurlætti í framhaldi af sams konar plöntun 1972.

25. júní var plantað svartgreni í Stórhól.

26. júní til 5. júlí var plantað á 5 jörðum í Fljótsdal.

5.-9. júlí var plantað lerki í Mjóanesi. Þarna var m.a. gerð tilraun með að planta bæði lerki og greni í plógstrengi (mitt ofan í strenginn), sem plægðir voru með venjulegum traktorplóg í þurrt mólendi.

Tafla XXI. Plöntun á Hallormsstað, Hafursá og í Mjóanesi 1973.

Nr.	Tegund	Kvæmi	Aldur	Mjóanes	Hafursá	PUR	Ormsst.	Hallormsstað	KAR	AÍK	SÍI	Alls
714	BG	Park G.	2/4	-	-	-	-	-	6.500	-	-	6.500
746	BRG	Sapinero	2/4	400	-	-	-	-	-	-	-	400
699	RG	Trysil	2/4	-	-	-	-	-	-	750	-	750
700	RG	Trysil	2/3	-	-	1400	-	-	-	14.400	-	15.800
582	SB	Lawing	2/3	-	-	3500	-	-	-	-	-	3.500
712	SG	Homer	2/3	-	-	-	200	-	-	-	-	200
-	SG	Fitz Cr.	2/4	410	-	-	-	-	-	-	-	410
721	SVG	-	2/3	-	-	-	-	-	-	-	1850	1.850
650	STF	Skagway	2/3	-	-	-	-	-	-	3.375	-	3.375
650	STF	Skagway	2/3	-	-	-	-	-	-	300	-	300
732	SL	Svíþjóð	2/2	1.030	-	-	-	-	-	-	-	1.030
736	SL	Altai	2/2	3.950	-	-	-	-	-	-	-	3.950
736	SL	Altai	2/0	4.800	300	-	-	-	-	-	-	5.100
Gpl.	REYN	Hrafnk.	2/5	-	-	-	-	100	-	-	-	100
Alls				10.590	300	4900	200	100	6.500	18.825	1850	43.265

Ennfremur var dálítið akurplægt og plantað lerki þar í.

Á Ormsstöðum lagði Þórarinn Benedikz út samanhurðartilraun með plöntunaraðferðir á landi með mjög miklum grasvexti. Er þetta lítt þýfður snarrótarmór efst á bakkanum framan við Ormsstaðalækinn. Var sitkagreni notað í þessa tilraun. Nauðsynlegt væri að endurtaka hana á ýmiss konar graslendi með mismunandi tegundum.

Þá lagði Þórarinn út samanhurðartilraun með hin 7 kvæmi af sitkagreni frá Alaska, sem dreifsett voru hér í stöðinni fyrir 4 árum. Var sú tilraun gerð í ~~KX~~ kjarrlendi beint út af bænum í Jórvík.

Norðmannaplöntun stóð í Krókunum 3.-11. ágúst. Var grisjað þá um leið og voru jafnan 3 Norðmannanna við að afkvista og bera saman stærstu bolina. Formaður norska hópsins hér, Arnulf Galaaen, héraðsskógameistari í Tolga í Norðausturdal, stjórnaði plöntuninni skv. þeim aðferðum, sem hér eru notaðar við svona plöntun.

c. Kostnaður.

Skv. töflu III varð plöntunarkostnaðurinn á Hallormsstað og í Mjóanesi 160 þús. kr. - eða 4,40 kr. á plöntu, ef Norðmannaplöntun er frá-dregin.

8. H i r ð i n g p l a n t n a.

a. Kjarrhreinsun.

Langtum minna var gert í þessu efni en ætlað var og nauðsynlegt hefði verið.

Tekið var fyrir Stórhólssvæðið (sbr. "Skógarhögg") og brekkan kringum gömlu rauðgrenitrén við Jökullæk. Þá fór Páll Guttormsson yfir allt Cordovasitkagrenið frá 1960 í Lýsishól.

b. Áburðargjöf.

Borið var á allmarga greniteiga, sem hugmyndin er að höggva síðar sem jólatré eða þau hafa þegar verið höggvin úr. Var þetta einkum í Partinum, en líka inn í Stórhól, við Atlavíkurklett og broddgrenið neðan við Timburflöt.

Alls var dreift 20 pokum af Kjarna og bl. túnáburði.

Því miður vannst ekki tími til að gera þetta fyrr en síðast í júní og byrjun júlí, þótt æskilegast hefði verið að gera það strax í apríl.

Árangur varð ágætur í elstu plöntuninum, einkum rauðgreninu frá 1958 við Bergsbás, enda var litur á þeim trjám ágætur fyrir jólin.

9. B y g g i n g a r.

Ekki var unnið nema allra óhjákvæmilegasta viðhald. Ýmislegt af þeirri vinnu, sem er fært á hinar ýmsu byggingar, er tiltekt (t.d. í verkfærageymslum) eða viðhald og og endurbætur á lóð (umdæmabústaður).

Í starfsmannahúsi var eldhúsið og borðstofan málað og gólf þar dúk-lagt. Ennfremur voru keyptir í það nokkrir almennilegir stólar, en hingað til hefir verið notast við nær 20 ára gömul bekkkræksni, sem ekki eru mönnum bjóðandi nú til dags.

10. F l e t t i s ö g.

Dagana 17.-22. júlí var tekin dálítil skorpa í flettingu. Var þá flett því lerki, sem fellt var sl. vor og vetur, og er það allvænn stafli af hinu fallegasta efni.

Þá var ráðist á rekaviðinn, sem við höfum lengi átt. Var nú flett öllu því, sem við treystum okkur til við, en stærstu bolirnir eru eftir. Kom úr þessu talsvert af ljómandi fallegum borðviði.

Allt þetta timbur er enn í stöflum í "stöðinni" gömlu, enda mun lerkið þurfa langa geymslu. Eg reikna með, að við seljum þó eitthvað af

Þessu efni fyrir vorið. Allt er efni þetta ómælt ennþá, svo að erfitt er að gera sér grein fyrir verðmæti þess.

Flettingin gekk orðið mjög sæmilega, ef bolirnir voru ekki með spennu í. En þó eru mikil vandkvæði á að gera þetta reglulega vel, meðan við höfum aðeins þetta eina kanthjól. Einnig er það óheppilegt, ef fletta skal í þunna planku og borð, því að óeðlilega mikið efni fer til spillis í sag.

11. Framkvæmdir í Fljótsdal.

Ekkert var unnið í girðingum á þessu ári, nema í Geitagerði, en fyrir vangá kom sú vinna ekki með í áramótauppgjörið.

Eiríkur Kjerúlf í Vallholti gat ekkert haldið áfram með sína girðingu.

Plantað var 45.795 plöntum af lerki á 5 bæjum sem hér greinir:

Geitagerði	9.975
Brekka	10.000
Hjarðarból	5.000
Víðivellir I og II	20.820

*Sirönd 2500
Ejunnul st. 1000*

Meðalkostnaður á plöntu, varð 3,40 kr.

*45.795
3.525*

12. Y M I S L E G T.

a. Gestir Skógræktarinnar.

Þessir aðiljar eru nefndir, sem nutu leiðsagnar um skóginn á árinu:

- 11.-13. apríl. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri og Haukur Ragnarson tilraunastjóri.
- 27. maí. Húsnæðismálaráðstefna Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi. Um 40 manns. Sveitastjórnarmenn af Austurlandi og framkvæmdastjóri Húsnæðismálastofnunar og Framkvæmdastofnunar ríkisins.
- 8. júní. Stefán Jónsson dagskrárfulltrúi hjá Ríkisútvarpi.
- 9. " Óli Kr. Guðmundsson læknir og frú.
- 30. " 40-50 húsmæður úr Skagafirði.
- 6.-7. júlí. Skógræktarstjórar Norðurlandanna 5 ásamt fylgdarliði.
- 11. júlí. Magnús Bjarnfreðsson sjónvarpsmaður og félagar við kvikmyndatöku.
- 12. " Haukur Jörundarson á vegum skóggræðslukönnunar.
- 16. " Valdimar Jónsson forstjóri á Akureyri og Per Krogh tæknifr. hjá Jarðborunum ríkisins.
- 25.-26. júlí. Ahlbäck jägmestare frá Luleå í Svíþjóð og frú.
- 27. júlí. Halldór Sigurðsson landbúnaðarráðherra og frú og Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneyttisstjóri.
- 28. " Anders Kung rithöfundur og blaðamaður frá Svíþjóð.
- 1. ágúst. Lúðvík Jósepsson ráðherra og frú.
- 2. " Norski skógplöntunarhópurinn.
- 7.-10. ág. Birger Strömsöe fylkisskógameistari frá Elverum í Noregi og frú, frú Maartmann, frk. Andersen-Rysst og Snorri Sigurðsson frkvstj.
- 15. ágúst. Eypór Einarsson magister og Haukur Hafstað frkvstj. Landverndar.
- 21. " Sveppanámskeið Kvenfélagasambands Íslands, er haldið var hér í viku.
- 6. sept. Þingflokkur og framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins. Þágu veitingar Skógræktarinnar í Mörkinni.
- 21. " Nemendur og forstöðukona Húsmæðraskólans á Hallormsst.
- 23.-24. sept. Baldur Þorsteinsson ~~skógræktarstjóri~~ *Hósti vaxpa og*
- 28. sept. Mr. Bement beitarsérfræðingur frá Colorado (á vegum UNDP) og dr. Stefán Aðalsteinsson bú-fjárfræðingur.

b. Ferðalög og fundahöld.

- 14.-16. mars sat ég starfsmannafund Skógræktarinnar í Reykjavík. Vikuna á eftir var ég í alls kyns snúningum og útréttingum í Reykjavík. Fór m.a. austur í Tumastaði og skoðaði stöðina.
29. apríl með forráðamönnum skógræktarfélagsins á Egilsstöðum að skipuleggja trjárækt í kaupúninu.
10. maí leiðbeindi ég um trjárækt í Neskaupstað og Norðfjarðar-~~svitu~~ sveit. Ennfremur umsjónarmanni Eskifjarðarhrepps með skrúðgarði hreppsins þar.
15. maí sat ég aðalfund skógræktarfélagsins á Egilsstöðum.
28. maí leiðbeindi ég nemendum Eiðaskóla við plöntun.
1. júní athugaði ég trjáræktarsvæði í Búðakauptúni í Fáskrúðsfirði ásamt sveitarstjóra og verkstjóra hreppsins.
- 24.-26. ágúst sat ég aðalfund Skf. Íslands í Hafnarfirði.
27. ágúst heimsótti ég Gunnarsholt og ~~XXXXXX~~ skoðaði skjólbeltin þar og skógræktarsvæðið ofan við bæinn.
12. ~~okt.~~ sept. kom ég í Varmahlíð og skoðaði gróðrarstöðina á Laugabrekku ásamt Sigurði Jónassyni og síðan skógræktargirðingarnar á Hólum í Hjaltadal.
13. sept. kom ég í Vagli í Fnjóskadal og skoðaði gróðrarstöðina þar og uppgræðsluna á Hálsmelum ásamt Ísleifi Sumarliðasyni og Hákonni Bjarnasyni og fór síðan með þeim austur í Foss-selsskóg.
1. okt. skoðaði ég skógræktargirðinguna við Sandvatn í Mývatns-sveit, en Guðmundur Gíslason forstjóri, eigandi hennar, hefi beðið okkur um að grisja birkiskóginn þar, þar eð Ísleifur Sumarliðason hefir ekki getað tekið það verk að sér fyrir hann.
2. okt. skoðuðum við Bragi Jónsson gróðrarstöðina á Vöglum í fylgd Ísleifs Sumarliðasonar. Sama dag komum við Bragi að Ysta-Felli í Köldukinn, skoðuðum garðinn þar og síðan Fellsskóg í fylgd Sigurðar Marteinsonar.

Á árinu var ég enn kvaddur á nokkra fundi í Landnýtingar- og landgræðslunefnd. Að afloknum fundi nefdarinnar 7. des. átti hún aðeins eftir að koma saman einu sinni í jan. 1974 til þess að ganga endanlega frá áliti sínu.

Loks skal þess getið, að skógræktarstjóri veitti mér orlof til þess taka sæti sem fulltrúi í sendinefnd Íslands á 28. allsherjarþingi Sam-einuðu þjóðanna í New York. Var ég í þeirri ferð 17. okt. til 24. nóv. og tók þátt í störfum þingsins í 5 vikur.

Hallormsstað, 22. febrúar 1974.

Sig. Blöndal

P.S. Hinn 30. sept. fluttu hjónin Arnþrúður Gunnlaugsdóttir og Einar Hallsson alfarið úr gamla bænum á Hallormsstað, þar sem Arnþrúður hefir búið síðan 1955, er hún tók við forsjá heimilis fyrir Guttorm Pálsson. Frá þeim tíma höfum við tekið við umsjá hússins, sem áformað er, að væntanlegur starfsmaður Skógræktarinnar hér, Jón Loftsson skógfræðingur, flytji í á árinu 1974.